

**634. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,  
þriðjudaginn 9. apríl 2024  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ) var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Marínó Bjarnason (MB), Jón Ingi Jónsson (JIJ) var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Magnús Óskar Hálfðánsson (MÓH), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 634 lögmætan.

**Dagskrá:**

**1. Reglur um stuðningsþjónustu Velferðarráðs - 2404111**

Reglur Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps um stuðningsþjónustu lagðar fram til staðfestingar.

Mál frá 50. fundi velferðarráðs sem fór fram 28.03.2024.

*Framlagðar Reglur Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps um stuðningsþjónustu staðfestar samhljóða.*

**2. Skólastjóri Tálknafjarðarskóla - 2404110**

Minnisblað frá sveitarstjóra dags. 06.04.2024 varðandi starf skólastjóra Tálknafjarðarskóla, en Birna Hannesdóttir hefur sagt starfinu lausu.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu sveitarstjóra um að starf skólastjóra Tálknafjarðarskóla verði auglýst laust til umsóknar og að ráðningarferlið verði unnið í samstarfi við Vesturbyggð, í samræmi við það sem kemur fram í minnisblaði.*

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps þakkar Birnu Hannesdóttur góð og metnaðarfull störf fyrir Tálknafjarðarskóla og óskar henni góðs gengis í verkefnum framtíðar.*

**3. Fjárhagsáætlun Vesturbyggðar 2024, viðaukar - 2404125**

Erindi frá Vesturbyggð dags. 27.03.2024 þar sem viðauki nr. 1 við fjárhagsáætlun Vesturbyggðar 2024 er sendur til sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps til umsagnar.

*Viðauki nr. 1 við fjárhagsáætlun Vesturbyggðar 2024 er staðfestur samhljóða.*

**4. 69. Fjórðungsping Vestfirðinga að vori - 2404123**

Erindi frá Vestfjarðastofu dags. 27.03.2024 þar sem komið er á framfæri endanlegri dagskrá 69. Fjórðungspings Vestfirðinga að vori sem fer fram á Ísafirði miðvikudaginn 10.04.2024.

*Lagt fram.*

**5. Vinnufundur um framtíð framhaldsdeildar FSN - 2404133**

Erindi frá Fjölbautaskóla Snæfellinga dags. 05.04.2024 þar sem greint er frá því að starfsfólk Fjölbautaskóla Snæfellinga stefni að því að halda starfsdaga á Patreksfirði dagana 28. og 29.maí n.k. þar sem þema vinnunnar verður "Framtíð framhaldsdeildar FSN". Hluti af dagskrá starfsdaganna verður vinnufundur með hagaðilum á svæðinu.

*Lagt fram.*

**6. Samtal um náttúrustofur - 2404134**

Erindi frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu dags. 05.04.2024 til þeirra sveitarfélaga sem standa að rekstri náttúrustofa til að hefja samtal um áherslur og framtíðarsýn hvað varðar samvinnu ríkis og sveitarfélaga í starfsemi náttúrustofa. Á Vestfjörðum fer fundur fram hjá Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík 05.06.2024.

*Lagt fram.*

**7. Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 612003 (gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl.). 830. mál - 2404135**

Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dags. 27.03.2024 varðandi frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 (gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl.). 830. mál. Þar kemur fram að stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga muni ekki skila umsgögn um frumvarpið heldur telur rétt að hver og ein sveitarstjórn meti hvort unnin verði umsögn til Alþingis eða sveitarstjórn taki málið fyrir og lýsi afstöðu með bókun.

*Sveitarstjórn samþykkir með fjórum atkvæðum að fela oddvita og sveitarstjóra að vinna umsögn um frumvarpið í samvinnu við bæjarstjóra Vesturbyggðar.  
MÓH situr hjá.*

**8. Fundargerðir Velferðarráðs 2024 - 2404112**

Fundargerð 50. fundar velferðarráðs sem fór fram 28.03.2024.

*Fundargerðin er lögð fram.*

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.  
**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:52.**

---

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

---

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

---

Marínó Bjarnason (MB)

---

Magnús Óskar Hálfðánsson (MÓH)

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)